



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði
borgarstjórnar Helsinki
28. ágúst 1997**

Heiðraða borgarstjórn.
Kæru gestir.

Ég vil í upphafi þakka hlý orð í minn garð, vinarhug til Íslendinga og góða gjöf borgarstjórnar.

Við Guðrún Katrín höfum notið heimsóknarinnar til Finnlands, hlotið mikinn fróðleik um land og þjóð, kynnst kraftmiklu atvinnulífi og blómlegri menningu.

Við höfum skynjað ríkan vilja til að efla tengsl þjóða okkar. Ný öld færir okkur í raun fleiri og mikilvægari tilefni til samvinnu en áður.

Ýmsir töldu að samfylgd Norðurlanda yrði minni í kjölfar breyttrar heimsmýndar og nýrra aðstæðna í Evrópu. Reyndin hefur orðið önnur. Norðurlönd gegna nú enn mikilvægara hlutverki en áður. Gagnkvæm tengsl landanna, byggð á sögu, menningu og lýðræðislegri samvinnuhefð, þjóna nú á margan hátt ríkari hagsmunum.

Einkum er ljóst að hin nýja tíð færir Finnum og Íslendingum í senn tilefni og þörf til nánara samráðs og fjölþættari tengsla.

Finnland og Ísland, lýðveldin tvö í hinni norrænu fjölskyldu, bæði með kjörna þjóðhöfðingja sem falið er lýðræðislegt umboð.

Finnland og Ísland, útverðir norrænu landanna fimm í austri og vestri, með langa reynslu af samskiptum við Rússland og Bandaríkin, helstu örlagavalda í þróun Evrópu og heimsins um langa framtíð.

Þessi sérstæði sess landa okkar innan hinnar norrænu fjölskyldu birtist skýrt í táknsessi höfuðborganna Helsinki og Reykjavíkur í samfélagi heimsins.

Báðar hafa borgirnar verið vettvangur sögulegra viðburða, atburðarásar sem fól í sér hornsteina nýrrar heimsmyndar. Helsinkisáttmálinn um mannréttindi og samvinnu og leiðtogafundurinn í Reykjavík lögðu grundvöll að þróun í þágu friðar og lýðræðis, mannréttinda og afvopnunar.

Nöfn borganna tveggja, Helsinki og Reykjavík, eru áminning og fyrirheit um að áræðni í tillögugerð og vilji til nýrrar nálgunar geta gjörbreytt gangi veraldarsögunnar. Borgirnar féllu vel að því hlutverki að vera vettvangur þar sem leiðtogar og hugmyndasmiðir gátu náð áttum og fóru að ræða ferskar lausnir á erfiðum viðfangsefnum.

Þótt vissulega hafi margvíslegur árangur náðst á undanförunum árum bíða mörg erfið verkefni úrlausnar. Framtíð Evrópu er mikilli óvissu háð, lýðræði og mannréttindum er ógnað víða um veröld og mikil hætta steðjar að sjálfu lífríki jarðarinnar.

Helsinki og Reykjavík eiga því enn hlutverki að gegna. Það eru ekki margar borgir í heiminum sem bera svo jákvætt svipmót árangurs og sátta. Á liðnum vetri sýndi Helsinki enn á ný með fundi Clintons og Jeltsíns að borgin er kjörinn vettvangur umræðna um örlagaríkar ákvarðanir.

Það var tvímælalaust hér sem leiðtogar Bandaríkjanna og Rússlands náðu niðurstöðum sem síðar leiddu til undirritunar samninga í París og ákvarðana leiðtogafundarins í Madrid. Fundur Clintons og Jeltsíns í Helsinki var á ýmsan hátt svipaður fundur Reagans og Gorbatsjovs í Reykjavík sem á sínum tíma greiddi götu lýðræðisþróunar í Austur-Evrópu og samninga um kjarnorkuafvopnun.

Líkt og fjölskyldur þurfa skjól á heimilum til að lægja deilur verður að skapa leiðtogum, forystusveit og áhrifafólki ríkja og fjölþjóðastofnana vettvang til að geta óhrædd fetað sig áfram á braut nýrrar hugsunar, leitað nýrra lausna. Það verður áfram brýn þörf á slíkum vettvangi. Fáar borgir, ef nokkrar, eru jafnvel fallnar til slíks hlutverks á nýrri öld og höfuðborgirnar tvær, Helsinki og Reykjavík. Auk sérstakra funda kæmi til álita að efna reglulega til þess sem kalla mætti „Helsinki og Reykjavík Forums” og væru haldin til skiptis í höfuðborgunum tveimur, ætluð

hugmyndasmiðum og frumkvöðlum, áhrifafólki og sérfræðingum, í reynd öllum sem eiga erindi í umræður um betri heim, lýðræði og mannréttindi, afvopnun, frið og framfarir.

Í samræðum mínum við borgarstjórnann í Reykjavík hefur komið fram áhugi hennar á að kanna hvort Helsinki og Reykjavík geta í sameiningu skapað slíkan reglubundinn vettvang og ég skil hugmyndina hér eftir til athugunar og umfjöllunar.

Ég ítreka svo þakkir okkar hjóna og annarra íslenskra gesta fyrir góðar móttökur í Finnlandi og þakka borgarstjórn Helsinki frábæra gestrisni.

Það hefur verið ánægjulegt að kynna gróskumiklu lífi borgarinnar, framsæknum fyrirtækjum og öflugri menningarstarfsemi.

Ég óska borgarstjórn Helsinki og íbúum allra heilla og bið viðstadda að rísa á fætur og lyfta glösum Helsinki til heiðurs, hylla þannig borg friðar og sátta, menningar, framfara og góðs mannlífs.